

Ed.

40. Frumvarp

til laga um ríkisgjaldanefnd.

Flm.: Magnús Jónsson, Magnús Guðmundsson, Guðrún Lárusdóttir,
Jón A. Jónsson, Pétur Magnússon, Þorsteinn Þorsteinsson.

1. gr.

Í lok hvers reglulegs Alþingis skulu þingflokkar þeir, sem mann eða menn hafa í fjárveitinganefnd, tilnefna einn mann hver og 2 til vara í nefnd, er nefnist ríkisgjaldanefnd. Nefndin kys sér sjálf formann og ritara og gegnir starfi til loka næsta reglulegs Alþingis.

Nefndarmenn skulu vera búsettir í Reykjavík eða svo nærri, að þeir geti daglega sótt þangað fundi.

2. gr.

Nú telur fjármálaráðherra þörf á að greiða fé úr ríkissjóði umfram heimild í fjárlögum eða öðrum lögum, og skal hann þá tilkynna formanni nefndarinnar það, en hann kveður nefndina þegar til fundar með ráðherra eða umboðsmanni hans um málið. Nái tillaga ráðherra samþykki allra nefndarmanna, sem á fundi eru, er hún samþykkt, en ella fallin. Samþykkt tillaga er greiðsluheimild handa ráðherra.

3. gr.

Ríkisgjaldanefnd heldur gerðabók og skráir í hana skýrslu um það, sem fram fer á fundum hennar. Bókin skal bera skýrt með sér, hvaða umframingreiðsla hefir verið óskað og hverjar þeirra samþykktar. Fundir ríkisgjaldanefndar eru því aðeins löglegir, að einn maður, aðalmaður eða varamaður, úr hverjum þeirra flokka, sem nefndir eru í 1. gr., sækir hann. Fundargerð skulu allir nefndarmenn undirrita, sem fund sækja.

4. gr.

Formaður ríkisgjaldanefndar skal senda yfirskoðunarmönnum landsreikningsins ár hvert eftirrit af því, sem skráð hefir verið í gerðabókina um atriði, er snerta þann landsreikning, sem þá er til endurskoðunar. Þetta skal gert ekki síðar en mánuði eftir að reikningurinn er prentaður.

5. gr.

Nú greiðir fjármálaráðherra fé úr ríkissjóði án heimildar í fjárlögum eða öðrum lögum eða án samþykkis ríkisgjaldanefndar samkvæmt 2. gr., og varðar það hann þá ábyrgð eftir 143. gr. hinna almennu hegningarlaga. Auk þess er hann skyldur til að endurgreiða ríkissjóði það fé, sem greitt hefir verið í heimildarleysi.

6. gr.

Kostnaður við nefndina, þar á meðal þóknun til nefndarmanna, allt að 500 kr. til hvers, greiðist úr ríkissjóði.

Greinargerð.

Það hefir þótt mjög við brenna, að ríkisstjórnir hafi greitt fé úr rikissjóði án lagaheimildar. Með slíkum greiðslum má skerða mjög fjárveitingavald Alþingis, því að reynslan sýnir, að Alþingi er venjulega fúst til að samþykkja slíkar greiðslur eftir á. En þar sem þingið situr ekki að störfum nema sem svarar hér um bil fjórðungi ársins, er það auðsætt, að ekki verður hjá því komizt, að greiðslur fari fram úr rikissjóði án þess að þingið hafi haft tækifæri til að láta uppi skoðun um þær. Ný viðhorf og verkefni skapast jafnan og geta leitt af sér þörf eða knýjandi nauðsyn á greiðslum úr rikissjóði. Þetta hefir án efa valdið því, að ríkisstjórnirnar hafa, að því er virðist, oft sýnt kæruleysi um greiðslur án lagaheimildar, i trausti þess, að slíkar greiðslur verði samþykktar eftir á.

Frv. þetta er borið fram til þess að reyna að bæta úr þessu. Það virðist vera skylda Alþingis að vernda fjárveitingarétt sinn, og það sýnist vera hægt á til-
tölulega auðveldan hátt, á þann veg, sem ráðgerður er i frv. Nokkur fyrirhöfn og óþægindi fylgja að sjálfsögðu hinu ráðgerða fyrirkomulagi, en hér er til mikils að vinna.